

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
B.t. Jóhönnu F. Jóhannesdóttur, forstjóra
Merkigerði 9
300 Akranes

Búðardal 30. apríl 2020
Mál nr. 1910017

Efni: Erindi um að Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við rekstri Dvalar- og hjúkunarheimilisins Silfurtúns.

Á 187. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 13.02.2020 var eftirfarandi afgreitt og bókað í fundargerð, dagskrárliður 16:

1910017 - Könnun á samstarfi Silfurtúns og Fellsenda

Úr fundargerð 29. fundar stjórnar Silfurtúns 04.02.2020, dagskrárliður 4:

1910017 - Könnun á samstarfi Silfurtúns og Fellsenda

Greinargerð ráðgjafa lögð fram.

Stjórnin leggur til við sveitarstjórn að leitað verði eftir því að Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við rekstri Silfurtúns.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tók: Ragnheiður

Samþykkt samhljóða.

Ég vísa einnig til tölvupósta sem hafa farið okkar á milli varðandi mögulegan fund og samtals í síma. Í símtalinu kom fram að það væri ekki vilji Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að bæta stofnunum við rekstur sinn.

Dalabyggð telur að það séu margvísleg tækifæri, einkum faglega, í því að Silfurtún yrði hluti af Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Fyrir þessu eru fordæmi þar sem Heilbrigðisstofnun Vesturlands rekur sambærilegar stofnanir í nágrennasveitarfélögum Dalabyggðar, Húnaþingi vestra og Strandabyggð. Einnig er vísað til þessa fyrirkomulags hjá öðrum heilbrigðisstofnunum s.s. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Með bréfi þessu er óskað eftir formlegri afstöðu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands til erindis Dalabyggðar um að Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við rekstri Silfurtúns.

Virðingarfyllt,
f.h. Dalabyggðar



Kristján Sturluson
sveitarstjóri